

Lífskjör og réttlæti

Ólafur Páll Jónsson¹, dósent í heimspeki við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Útdráttur

Mælikvarði á lífskjör verður að vera næmur á réttlæti. Lífskjör batna með auknu réttlæti jafnvel þótt aðgangur að efnislegum gæðum skerðist. Þar sem réttlæti varðar ekki einungis innbyrðis stöðu þeirra sem nú lífa heldur nær einnig til komandi kynslóða, þá verður mælikvarði á lífskjör að vera næmur á sjálfbærni samfélagsins. Þetta er sláandi niðurstaða fyrir íslenskt samfélag við upphaf 21. aldarinnar, samfélag sem er eitt hið ósjálfbærasta í heimi. Kannski er helsta ógnin við boðleg lífskjör á Íslandi við upphaf 21. aldar sú staðreynd að venjulegt líf byggist á því að freklega er gengið á hlut annarra.

Efnisorð: Lífskjör, réttlæti, sjálfbærni, John Rawls, Amartya Sen.

Welfare and Justice

Abstract

Any tenable measure of welfare must take justice into account. Welfare improves with more justice even if access to material goods becomes more limited. Since justice does not only affect people living at the same time but also future generations, any measure of welfare must be sensitive to the sustainability of society. This is a radical conclusion for Icelandic society at the edge of the 21st century, a society that is among the most unsustainable in the world. Perhaps the greatest threat to acceptable welfare in Iceland at the dawn of the 21st century is the fact that ordinary life relies on serious infringements of the rights of others.

Keywords: Welfare, justice, sustainability, John Rawls, Amartya Sen.

Inngangur

Sérhver mælikvarði á lífskjör sem stendur undir nafni verður að vera næmur á réttlæti. Af þessu leiðir að lífskjör einstaklings geta batnað með auknu réttlæti jafnvel þótt aðgangur hans að efnislegum gæðum skerðist. Samkvæmt þessari hugmynd verða lífskjör tiltekinnar manneskju ekki metin nema með því að meta (a) stöðu hennar í samfélaginu á tilteknum tíma (réttlæti innan kynslóðar) og (b) stöðu samfélagsins á þeim tíma sem um ræðir með tilliti til framvindu þess í tíma, þ.e. með tilliti til þess að

samfélagið er vettvangur sem nær frá einni kynslóð til annarrar (réttlæti milli kynslóða). Þessa hugmynd um lífskjör mætti kalla heildarhyggju til aðgreiningar frá eindahyggju um lífskjör sem gerir ráð fyrir að lífskjör manneskju megi meta með hliðsjón af þeim gæðum sem hún ræður yfir og hefur aðgang að (efnislegum gæðum, menntun, heilsugæslu o.s.frv.) eða með því að huga að hennar eigin mati á stöðu sinni.

Ein afleiðing heildarhyggjunnar er að lífskjör mín á þessum tíma velta m.a. á sjálfbærni þess samfélags sem ég tilheyri. Þetta er sláandi niðurstaða fyrir íslenskt samfélag við upphaf 21. aldarinnar, samfélag sem er eitt hið ósjálfbærasta í heimi. Kannski er helsta ógnin við boðleg lífskjör á Íslandi við upphaf 21. aldarinnar sú staðreynd að venjulegt líf byggist á því að freklega er gengið á hlut annarra.

Nú strax kynni einhver að andmæla og benda á að þótt það kunni að vera óréttlátt að víða að sér efnislegum gæðum með því að ganga á möguleika komandi kynslóða, rétt eins og það sé óréttlátt að byggja efnislega afkomu sína á þrælhaldi eða hvers kyns kúgun, þá megi ekki slá saman því hvaða efnislegu lífskjara maður nýtur og því hvort líf manns sé réttlátt. Þannig megi vissulega segja að meiri hófsemd í nútímanum, og þar með meiri sjálfbærni, kynni að bæta samvisku og réttlætiskennnd okkar nútímamanna en slík hófsemd myndi ekki bæta lífskjör okkar. Þessum andmælum er vel tekið því þau varpa ljósi á kjarnann í þeirri hugmynd sem ég set fram í þessari grein. Ég færi *ekki* rök fyrir því að „efnisleg lífskjör“ okkar batni við það að lifnaðarhættir okkar færast nær því að vera sjálfbærir, heldur að *lífskjör* okkar batni ef við öflum þeirra gæða sem við njótum án þess að brjóta gegn rétti annarra. Aðalatriðið í minni afstöðu er að lífskjör eru ekki *efnisleg* kjör, heldur *siðferðileg* kjör.

1. Samanburður og lífskjör

Vilji maður vita hvort tiltekinni manneskju líði betur í dag en fyrir viku, þá þarf maður einhvers konar mælikvarða á hvað það er að líða vel. Málið gæti virst einfalt, maður spyr einfaldlega hvort viðkomandi líði betur í dag en fyrir viku. Ef manneskjan var lasin fyrir viku en er nú á batavegi, þá verður svarið eflaust blátt áfram „Já“. Hafi manneskjunni ekki batnað heldur beinlínis hrakað, þá verður svarið líka blátt áfram, en núna „Nei“. En hvað ef manneskjan var ekki lasin og er ekki lasin? Kannski myndi hún þá ekki vita hverju hún ætti að svara. Hún er e.t.v. kvíðnari í dag en fyrir viku, en aftur á móti ekki lengur með verk í mjöðminni. Svo gæti verið að hún hafi áhyggjur af öldruðum foreldrum sínum, sem hún hafði ekki fyrir viku, en á móti komi að börnunum líði vel í skólanum og því sé hún nú afslappaðri yfir gengi þeirra en áður. Hún gæti líka verið bjartsýnni á framtíðina en á hinn bóginn þreyttari vegna skammdegisins sem fer ekki vel í hana. Líður þessari manneskju þá betur í dag en fyrir viku? Eina stutta svarið sem virðist sannleikanum samkvæmt er: „Bæði og.“ Þótt við berum saman ólíka hluti og veljum á milli þeirra á hverjum degi – förum í sund frekar en að sofa út, lesum bók frekar en að baka köku – þá er takmarkað vit í því að halda einhvers konar bókhald um það hvernig tiltekin manneskja hefur það, leggja saman jákvætt og neikvætt og fá út eina stærð sem kalla má „líðan manneskjunnar“.

Ef viðfangsefnið er ekki líðan einnar og sömu manneskjunnar á ólíkum tímum, heldur það hvernig ólíkar manneskjur hafa það á sama tíma, eða hvernig breytilegur hópur fólks – til dæmis þjóð – hefur það á ólíkum tímum, þá vandast málið enn frek-

ar. Einhver kynni reyndar að gera þá athugasemd að ég orði vandann með of ónákvæmum hætti, að ég geri mér vísitandi erfitt fyrir með því að nota orðalagið „að hafa það“ sem sé bæði óljóst og ófræðilegt og ekki tækt fyrir hlutlægan samanburð. Með þessari athugasemd fylgir svo kannski ábending um að hagfræðingar og félagsfræðingar hafi einmitt þróað ýmis mælitæki til að meta og bera saman lífskjör ólíkra hópa eða breytingar á stöðu sama hópsins frá einum tíma til annars. Stór hluti þess starfs sem fræðimenn á þessum sviðum vinna snýst einmitt um að meta lífskjör með margvíslegum hlutlægum mælikvörðum og því verður ekki neitað að það starf hefur skilað ágætum árangri.

Þessi athugasemd er góð og gild, og að vissu leyti hef ég ekkert við margvíslegar samanburðarrannsóknir hagfræðinga og félagsfræðinga að athuga. Hins vegar leyfi ég mér að efast um að það sem yfirleitt er mælt í slíkum rannsóknum séu réttnefnd lífskjör. Það sem er metið skiptir máli fyrir lífskjör en vegna þess að slíkar mælingar byggja yfirleitt á eindahyggju um lífskjör í einni eða annarri mynd, þá missa þær marks sem mælingar á lífskjörum í fyllstu merkingu þess orðs.

2. Mælikvarði á lífskjör

Spurningin um hvað sé innifalið í mælikvarða á lífskjör hefur tvær hliðar. Annars vegar praktíska hlið sem lýtur að því hvað sé heppilegt að hafa í slíkum mælikvarða miðað við þau not sem hafa má af honum, og hins vegar fræðilega hlið sem varðar það hvað sé *gott líf* – hvað séu góð kjör fyrir manneskjulegt líf. Eins og gengur um ýmsa aðra mælikvarða þá getur þetta tvennt hæglega verið sitt hvor hluturinn. Hæðarmælir í flugvél mælir kannski í raun loftþrýsting en ekki hæð. Sú stærð sem flugmaðurinn þarf á að halda er hæð flugvélarinnar frá jörðu og til þess að fá upplýsingar um þessa stærð hefur hann loftvog sem mælir loftþrýsting. Það vill bara svo til að loftþrýstingur og hæð tengjast með nógu reglubundnum hætti til að nota megi loftþrýstingsmæli til að segja til um hæð. Það dettur engum í hug að gagnrýna flugmanninn fyrir að miða flug sitt við loftþrýsting þegar það er hæð yfir sjávarmáli sem skiptir máli. Á svipaðan hátt gæti hagfræðingur notað tiltölulega einfaldan mælikvarða til að meta lífskjör tiltekins hóps á tilteknum tíma, t.d. kaupmátt meðaltekna, fjölda lækna á hverja 1000 íbúa, fjölda kennara á hver 1000 börn undir 16 ára aldri, eða fjölda raftækja á heimili, jafnvel þótt gott líf snúist ekki fyrst og fremst um að geta keypt hitt og þetta, hafa greiðan aðgang að læknum eða kennurum, eða hafa mörg raftæki á heimilinu.

Þótt þau atriði sem mælikvarði er næmur á þurfi ekki að vera þau atriði sem mælikvarði er notaður til að gefa vísbendingu um, eins og í dæminu af hæðarmæli flugvélar, þá er samt ekki hægt að setja fram mælikvarða á lífskjör án þess að hafa einhverja hugmynd um hvað sé gott líf. Sú spurning verður að vera með frá upphafi bæði í hagfræði og félagsfræði, og það er ekki hægt að ýta henni út af borðinu á þeim forsendum að mælikvarðarnir sem í raun eru notaðir til að meta stöðu fólks, tiltekinna hópa og heilu þjóðfélaganna, verði að vera einfaldir ef þeir eiga á annað bord að vera nothæfir. Hagfræðingurinn og heimspekingurinn Amartya Sen hefur sagt að þegar réttmæti og einfaldleiki stangist á skuli ekki alltaf leysa málið einfaldleikanum í hag,

stundum sé betra að vera á réttu róli, þótt ónákvæmt sé, frekar en að hafa nákvæmlega rangt fyrir sér (Sen 1987, 34).

3. Einfaldir og flóknir mælikvarðar

Mat á lífskjörum manneskju byggist á upplýsingum um tiltekna þætti í lífi hennar og innbyrðis samanburði á ólíkum þáttum. Heildarmat á lífskjörum tiltekins hóps, t.d. þjóðar, gerir gjarnan ráð fyrir að leggja megi lífskjör einstaklinganna saman til að fá út mat á lífskjörum hópsins. Áður en lengra er haldið vil ég setja fram eftirfarandi þrjár spurningar um lífskjör og samanburð á lífskjörum (sbr. Barry 2006, 462). Ég nota þessar þrjár spurningar til að halda utan um umfjöllun mína í því sem á eftir fer.

- (1) Hvaða upplýsingar skipta máli til að meta lífskjör?
- (2) Hvert er innbyrðis mikilvægi ólíkra upplýsinga til að ákvarða heildarlífskjör tiltekins einstaklings?
- (3) Hvernig má raða saman upplýsingum um lífskjör einstaklinga til að fá heildarmat á lífskjörum tiltekins hóps eða þjóðar?

Til að svara spurningu (1) þurfum við að vita tvennt. Annars vegar hvað er gott líf og hins vegar hvers konar upplýsingar eru til marks um að líf tiltekins einstaklings sé gott. Hér þurfum við því bæði *heimspekilega kenningu* um hvað sé gott líf og *aðferðafræði* um hvernig megi safna gögnum sem segja til um gæði lífs. Heimspekilegar kenningar um hvað sé gott líf eru vitaskuld ekki einkamál heimspekings heldur einnig viðfangsefni hagfræðinga og félagsfræðinga og margra annarra. Eftir sem áður er viðfangsefnið heimspekilegt.

Mat á því hvort líf tiltekinnar manneskju sé gott getur ýmist byggst á (i) huglægu mati hennar á eigin ánægju eða fullnægju, (ii) hlutlægum gögnum um kringumstæður hennar eða (iii) hvoru tveggja (Sen 1987, 1992; Kristján Kristjánsson 2011). Þau hlutlægu gögn sem skipta máli geta svo á hinn bóginn verið af ólíku tagi, eins og ýmsir viðteknir mælikvarðar bera með sér. Hlutlægar upplýsingar geta t.d. varðað (a) tekjur eða eignir, (b) tiltekin frumgæði sem geta ýmist verið siðferðileg, félagsleg eða efna-hagsleg (sbr. Rawls 1971 og 2001, sjá einnig Vilhjálmur Árnason 2008) eða (c) færni og virkni einstaklinganna og siðferðilega stöðu þeirra í samfélaginu (sbr. Sen 1999 og Nussbaum 2006). Þessi ólíku svör við því hvers konar gögn skipta máli þurfa ekki að ráðast af ólíkum svörum við spurningunni um hvað sé gott líf – þótt þau kunni að gera það í ýmsum tilvikum. Munurinn getur einnig endurspeglad ólíkar hugmyndir um tengsl þeirra gagna sem handhægt er að safna og auðvelt er að nota í margvíslegan samanburð annars vegar og þess sem gögnin eru höfð til marks um hins vegar. Kannski geta tekjur verið ágætur mælikvarði á lífskjör þótt lífið snúist alls ekki um peninga, rétt eins og loftþrýstingur er ágætis mælikvarði á hæð yfir sjávarmáli jafnvel þótt loftþrýstingur og hæð yfir sjávarmáli séu gerólikar stærðir.

Þótt ekki sé hægt að hafna tiltölulega einföldum mælikvörðum á lífskjör (t.d. tekjumælikvörðum) á þeim forsendum að lífið snúist um aðra hluti en mælikvarðinn er næmur fyrir (t.d. peninga), þá er samt ástæða til að ætla að hinir einföldu mælikvarðar séu ónákvæmir, beinlínis villandi og segi ekki til um þær stærðir sem máli skipta. Þetta

kemur m.a. í ljós ef bornir eru saman listar yfir vel og illa staðar þjóðir sem taka mið annars vegar af tekjum (jafnvel þótt horft sé til tekjudreifingar og hlutfalls tekjuhárna og tekjulágra o.s.frv.) og hins vegar af nokkrum öðrum breytistærðum. Hér má nefna listann Human Development Index (HDI) sem byggir á upplýsingum um (1) ævilengd, (2) læsi meðal fullorðinna, (3) skólagöngu og (4) tekjur (Sen 1992) eða Genuine Progress Indicator (GPI) sem tekur meðal annars með í reikninginn hvort gengið er á auðlindir náttúrunnar til lengri tíma (Sigurður Eyberg Jóhannesson 2010; Vemuri og Costanza 2006). Í ljós kemur að ýmis lönd raðast í mjög mismunandi sæti eftir því hvers konar mælikvarði er notaður. Ég ætla ekki að fara nánar út í gagnrýni á þessa einföldu mælikvarða. Gallarnir á þeim eru vel þekktir (Sen 1992).

Önnur ástæða til að ætla að einfaldir mælikvarðar eins og tekjumælikvarðar séu ófullnægjandi er að þeir taka ekki með í reikninginn að fólk getur haft tiltölulega háar tekjur en búið við félagslegt ranglæti af ýmsu tagi, t.d. mátt þola misrétti vegna kynferðis, útilokun vegna litarháttar, eða búið við verulega skerðingu á möguleikum til að taka þátt í lífi samfélagsins vegna fötlunar eða fordóma.

Nytjamælikvarðar, sem miða fyrst og fremst við það hvernig fólk metur eigin stöðu, gera heldur ekki endilega ráð fyrir að ranglæti skerði lífskjör. Fólk getur orðið svo samdauna kúgun og margvíslegu misrétti að það ber ekki skynbragð á það ranglæti sem það ýmist býr við sjálft eða veldur öðrum. Fólk getur þá verið sátt við hlutskipti sitt jafnvel þótt það sé ekki samrýmanlegt mannlegri reisn (Nussbaum 2000; Sen 1992). Í slíkum kringumstæðum geta lífskjör fólks mælst góð á nytjamælikvarða án þess að fólk búi við mannsæmandi kjör.

Það eru m.a. ástæður af þessum toga sem styðja þá hugmynd John Rawls að lífskjör séu órjúfanlega tengd réttlæti. Réttlæti bætir lífskjör, ranglæti skerðir lífskjör. Þetta er andstætt þeirri hugmynd um lífskjör sem gerir ráð fyrir að þau velti einungis á þeim gæðum sem einstaklingurinn ræður yfir, svo sem tekjum og eignum, eða einstaklingsbundnu mati á eigin stöðu.

Hluti af réttlætiskenningu Rawls er nokkuð afgerandi hugmynd um hvers konar gæði skipti máli fyrir lífskjör fólks og hvert innbyrðis vægi þeirra sé. Hér erum við komin að spurningu (2) að framan. Samkvæmt kenningu Rawls er það dreifing tiltekinna frumgæða sem skiptir mestu máli þegar lífskjör fólks eru metin. Þetta eru gæði sem eru hverri manneskju nauðsynleg vilji hún lifa vel, hver svo sem staða hennar í samfélaginu kann að vera. Rawls gerir greinarmun á fimm tegundum af frumgæðum: (i) grundvallar-réttindi og tiltekin frelsisréttindi, (ii) ferðafrelsi og frelsi til að velja sér hlutverk eða starf, (iii) völd og forréttindi sem fylgja tilteknum stöðum, (iv) tekjur og efni, og (v) félagslegar forsendur sjálfsvirðingar (Rawls 2001, §17). Réttlætislögmálin tvö, sem Rawls setti fram í *Theory of Justice* árið 1971 og tók svo upp í endurskodaðri mynd í *Justice as Fairness* 30 árum síðar, gera ráð fyrir að frelsisréttindin hafi óskoraðan forgang fram yfir félagsleg frumgæði. Þetta þýðir t.d. að ekki má bæta efnislega afkomu tiltekinna einstaklinga – t.d. tekjur eða lífeyri – á kostnað frelsisréttinda þeirra eða annarra.

Við þurfum ekki að fallast á allt sem Rawls segir, hvorki um greiningu hans á frumgæðum eða réttlætislögmálin tvö sem hann setur fram. Það sem skiptir máli í þessu sambandi er fyrst og fremst sjálf hugmyndin um frumgæði í skilningi Rawls:

Frumgæði eru þau gæði sem einstaklingar þarfnast og verða að hafa í ljósi hinnar pólitísku hugmyndar um einstaklinga, sem borgara sem eru fullgildir þátttakendur í samvinnu samfélagsins, og ekki einfaldlega mannverur óháð hvaða gildishlöðnu hugmynd sem er. (Rawls 2001, 58)

4. Frumgæði, menntun og lífskjör

Ekki er alltaf ljóst hvaða gæði skuli teljast til frumgæða og hver ekki, og meðal frumgæðanna er ekki heldur alltaf augljóst hvað telst til frelsisréttinda og hvað til annars konar gæða. Þegar Rawls segir að allir skuli búa við jöfn frelsisréttindi þá á hann ekki bara við að allir skuli hafa sama formlega rétt til frelsis og skyldra gæða, heldur að tryggja verði að réttindin hafi *sanngjarnt gildi* fyrir hvern og einn (Rawls 2001, §45).

Hugmyndir Rawls hafa skýrar afleiðingar fyrir mat á því hvaða gæða tiltekinn einstaklingur nýtur. Hér skiptir tvennt máli. Annars vegar geta gæði, sem kunna að líkjast meira efnahagslegum gæðum, haft slíkt vægi í tilteknu samfélagi að þau beri að telja til frelsisréttinda frekar en efnahagslegra gæða. Hins vegar getur einstaklingur búið við tækifæri sem eru bæði raunhæf og mikilvæg, án þess að nýta sér þau.

Til að varpa ljósi á þessa þætti er upplýsandi að huga að menntun sem tegund frumgæða. Menntun er forsenda þess að fólk geti notið þeirra frelsisréttinda sem réttlætislögmálin hafa gefið forgang fram yfir hin efnahagslegu gæði og þar með forsenda þess að frelsisréttindin hafi sanngjarnt gildi. Af þessu leiðir að menntun, sem við köllum stundum efnahagsleg eða félagsleg gæði, hefur í raun stöðu frelsisréttinda og afgerandi forgang fram yfir önnur og hefðbundnari efnahagsleg og félagsleg gæði. Þetta þýðir að réttlátt ríki verður að tryggja öllum borgurum sanngjörn tækifæri til menntunar, óháð efnahag og félagslegri stöðu. Ýmsir aðrir heimspekingar, bæði Sen (sjá t.d. Saito 2003) og Nussbaum (2000), vilja ganga lengra en Rawls í þessu og hafa sagt að kröfur réttlætisins kalli ekki einungis á sanngjörn tækifæri heldur á raunverulega virkni; ekki bara á sanngjörn tækifæri til menntunar heldur á raunverulega menntun. Aðrir heimspekingar telja að Rawls gangi of langt, þannig segir Amy Gutmann t.d. að til að tryggja sanngjörn menntunartækifæri í skilningi Rawls þurfi að ganga um of á rétt fjölskyldunnar til einkalífs (Gutmann 1987, 131–134). En höldum okkur við Rawls, afstaða hans fer bil beggja, og jafnvel þótt Gutmann og fleiri frjálslyndir heimspekingar séu gagnrýnin á Rawls hvað þetta varðar, þá byggist gagnrýnin ekki á því að þeim finnist hugmyndin um að ríkisvaldið eigi að tryggja sanngjarnt gildi réttinda ótæk heldur fremur á því að þeim finnst Rawls ganga helst til langt í þeim efnum.

Hér vaknar hins vegar áleitin spurning: Hvernig má meta menntunartækifæri sem ekki eru nýtt? Hafi manneskja sótt sér menntun þá hefur hún augljóslega átt þess kost. Hafi manneskja hins vegar ekki menntað sig, getur það ýmist verið vegna þess að (i) hún átti þess alls ekki kost, (ii) þótt það hafi verið mögulegt þá hafi það ekki verið raunhæfur kostur fyrir manneskju í hennar stöðu, eða (iii) þótt það hafi verið raunhæft fyrir hana að sækja sér menntun þá valdi hún að verja tíma sínum og fé til annarra hluta. Um þetta segir Christian Barry:

Tækifæri til menntunar geta því bætt lífskjör manneskju sem nýtir sér ekki þessi tækifæri vegna framtaksleysis eða skorts á getu. Til að skilja mikilvægi menntunar

í lífskjörum tiltekinnar manneskju, er ekki nóg að skoða það sem hún hefur áorkað, né aðrar einstaklingsbundnar upplýsingar um hana, heldur er nauðsynlegt að rannsaka hvernig það sem fólk áorkar birtist innan ýmissa félagslegra hópa í samfélagi þessarar manneskju. (Barry 2006, 465–466)

Þar sem Rawls leggur mikla áherslu á að fólk hafi jöfn sanngjörn tækifæri er það ekki bara raunveruleg menntun sem skiptir máli fyrir menntun sem hluta af lífskjörum fólks heldur einnig menntunartækifæri, og þau verður að meta með hliðsjón af því hvað fólk í sambærilegum félagslegum hópum hefur áorkað.

Þetta er athyglisverð niðurstaða og nánast þversagnarkennd því samkvæmt henni duga ekki allar upplýsingar, sem eru sérstaklega um líf tiltekins einstaklings, til að ákvarða lífskjör hans. Til að ákvarða lífskjör einstaklingsins verður einnig að skoða líf annarra sem tilheyra svipuðum hópum. Hér erum við þá komin að spurningu (3) að framan.

Ef þessi niðurstaða Barrys er rétt, þ.e. að meta verði lífskjör afmarkaðra hópa fólks til að átta sig á kjörum þeirra einstaklinga sem tilheyra þessum hópum, þá dugir ekki að meta dreifingu þeirra gæða sem til skipta eru í samfélaginu til að meta velferð einstaklinganna heldur verður einnig að meta virkni grunnstofnana samfélagsins, þar með talið skóla, með tilliti til þess hvaða tækifæri þær skapa einstaklingum og hópum. Spurningin um lífsgæði *mín* er þá ekki bara spurning um hvað *ég hef*, heldur einnig í hvers konar félagslegu og pólitísku umhverfi ég bý, hvort sem ég nýti mér í raun þá kosti sem umhverfið hefur upp á að bjóða. Þar sem skólar eru annars vegar er spurningin ekki bara um það hvort ég hafi gengið í skóla heldur hvort ég hafi átt þess raunhæfan kost, og kostur minn á að ganga í skóla er þá metinn m.a. á grundvelli þess hvort aðrir í svipuðum kringumstæðum hafi nýtt sér þennan kost í nógu ríkum mæli til að hægt sé að segja að þetta hafi verið raunhæfur kostur fyrir manneskju eins og mig í þessu samfélagi.

Þessi niðurstaða hefur afgerandi afleiðingar fyrir spurningu (3) að framan vegna þess að hún útilokar að hægt sé að leggja saman með einföldum hætti lífskjör einstaklinga til að fá út lífskjör heildarinnar, t.d. þjóðar. Vandinn er ekki sá að samlagningin sem slík gangi ekki, því það getur hún vel gert að því gefnu að mögulegt reynist að ákvarða lífskjör einstaklinganna. Vandinn er öllu heldur sá að til að ákvarða lífskjör einstaklinganna verður að vera ljóst hvaða hópum þeir tilheyra og hvernig kjör hvers hóps eru. Vandinn er sá að erfitt er að segja til um hvaða hópum fólk tilheyrir þegar fólk tilheyrir öllum mögulegum hópum – og það er í raun enginn endir á þeim hópum sem má hugsa sér og raða fólki í.

Ef við ætlum að meta lífskjör tiltekins einstaklings verðum við, samkvæmt þessum hugmyndum, að staðsetja hann í samfélaginu, átta okkur á hvaða samfélagshópar skipta máli fyrir hann og hvernig kjör þeirra eru. Þetta þýðir að við verðum að átta okkur á því hvaða *mikilvægu* hópum einstaklingurinn tilheyrir. En hvaða hópar eru mikilvægir? Það er engin leið að segja til um það án þess að hafa fyrirfram gefna einhverja hugmynd um hvað skiptir máli fyrir lífskjör fólks. Og þar sem við þurfum einmitt þessa hópaskiptingu til að ákvarða lífskjörin höfum við ekkert fast land að standa á.

Sú niðurstaða að við þurfum hópaskiptingu fyrir samfélagið til að geta gert grein fyrir lífskjörum einstaklinga og að við þurfum að ákvarða lífskjör einstaklinga til að gera grein fyrir viðeigandi hópaskiptingu þýðir ekki að ómögulegt sé að ákvarða lífskjör eða að slík viðleitni sé fullkomlega merkingarlaus iðja. Hún þýðir hins vegar að mat á lífskjörum getur aldrei verið endanlegt og sérhver viðleitni í þá átt kallar á stöðuga endurskoðun, þar sem forsendum er breytt og látið er reyna á það hvaða félagslegu breytur skipta máli fyrir stöðu fólks, tækifæri þess og möguleika á að nýta hæfileika sína.

5. Lífskjör og sjálfbærni

Niðurstaðan hér að framan var sú að lífskjör fólks velti m.a. á virkni grunnstofnana samfélagsins – hvernig annars sem við afmörkum þær – og að þau batna eftir því sem stofnanirnar og allt skipulag samfélagsins er réttlátara. En ef réttlæti er nauðsynlegur þáttur í sérhverjum lífskjaramælikvarða, þá verður sérhver greining á lífskjörum að reiða sig á einhvers konar kenningu um félagslegt réttlæti. Það er ekki nóg að hafa kenningu um hvaða gögn skipta máli, heldur verður einnig að hafa kenningu um innbyrðis mikilvægi ólíkra þátta.

Hagfræðingar og félagsfræðingar sem hyggjast mæla og meta lífskjör fólks – hvort heldur einstaklinga, tiltekinn hópa eða heilla þjóða – vildu eflaust geta hafist handa án þess að þurfa fyrst að leiða til lykta rúmlega 2000 ára rökræður heimspeklinga um réttlæti. Og að vissu marki geta fræðimenn á þessum sviðum vikið sér undan hinni heimspekilegu rökræðu. Kenning um réttlæti hefur tvær hliðar. Önnur hliðin varðar afmörkun og greiningu á þeim spurningum sem kenningunni er ætlað að svara, hin hliðin er tiltekið og oft smásmugulegt svar við þessum spurningum. Hagfræðingar og félagsfræðingar þurfa ekki endilega að taka afstöðu með tiltekinni kenningu um réttlæti (þótt þeir geti vitaskuld gert það, eins og Amartya Sen hefur t.d. gert) en þeir verða að taka tillit til þeirra spurninga sem kenningu um réttlæti er ætlað að svara. Hvað þessa fyrri hlið varðar segir John Rawls á einum stað:

... lögmál réttlætisins eru svar við grundvallarspurningu stjórnmálaheimspekinnar um lýðræðislegt ríki. Sú spurning er: Hvaða pólitísku hugmynd um réttlæti tekst best að skilgreina sanngjarnar forsendur fyrir samvinnu borgara sem álitnir eru frjálsir og jafnir og bæði sanngjarnir og skynsamir, og (við bætum við) sem eru venjulegir og fyllilega virkir þátttakendur í samfélaginu á heilli ævi, frá einni kynslóð til annarrar? (Rawls 2001, 8)

Við getum tekið undir þessi orð Rawls án þess að ganga kenningu hans um réttlæti á hönd. En ef við tökum framvindu samfélagsins frá einni kynslóð til annarrar yfirleitt með í reikninginn, eins og Rawls gerir, þurfum við einhvers konar viðmið um hvað sé réttlát skipting gæða í lífi samfélagsins frá einni kynslóð til annarrar. Það er hér sem Rawls kynnir til sögunnar lögmálið um sanngjarnan sparnað (*e. just savings principle*). Um þetta segir hann m.a.:

Hið rétta lögmál er því það sem meðlimir hvaða kynslóðar sem er (og þar með allra kynslóða) myndu samþykkja sem það lögmál sem þeir myndu vilja að fyrri kynslóðir hefðu fylgt, sama hversu langt aftur til fortíðar er litið. Vegna þess að engin kynslóð þekkir stöðu sína á meðal kynslóðanna þá leiðir af þessu að allar kynslóðir sem koma á eftir, þar með talin núverandi kynslóð, eiga að fylgja því. Á þennan hátt komumst við að niðurstöðu um lögmál um sparnað sem grundvallar skyldur okkar við aðrar kynslóðir: það styður réttmætar umkvartanir gagnvart forverum okkar og réttmætar væntingar til arftaka okkar. (Rawls 2001, 160)

Það er ekki löng leið frá hugmynd Rawls um réttlátan sparnað til hugmyndarinnar um sjálfbærni í víðustu merkingu þess orðs. Þar sem engin kynslóð gæti viljað að fyrri kynslóðir hefðu sólundað verðmætum náttúrunnar og veikt grunnstofnanir samfélagsins svo mjög að þær megnuðu ekki lengur að grundvalla réttlátt samfélag, þá leiðir af þessu að núverandi kynslóð má ekki ganga á möguleika komandi kynslóðar til að lifa réttlátu lífi – þar með talið möguleika hennar til að skila til þeirrar kynslóðar sem á eftir kemur samfélagi sem gerir réttlátt líf mögulegt. Þannig verður sjálfbærni í mjög víðri merkingu þess orðs að inntakþætti í félagslegu réttlæti.

Ef þetta er rétt má ætla að lífskjör mín batni eftir því sem samfélagið er nær því að vera sjálfbært, og þau versni eftir því sem samfélagið færir fjær því að vera sjálfbært. Raunveruleiki dagsins í dag á Íslandi er að samfélagið er mjög langt frá því að vera sjálfbært. Reyndar er Ísland heimsmeistari í ósjálfbærni nánast hvernig sem á það er litið (Sigurður Eyberg Jóhannesson 2010). Þetta þýðir að við sem gerum ráð fyrir að byggja þetta land næstu áratugi munum þurfa að setta okkur við minna af efnislegum og félagslegum gæðum en við höfum í dag (lægri laun, minna vöruúrval, verri félagslega þjónusta, skert félagslegt öryggi) og afkomendur okkar munu þurfa að setta sig við mun minna af þessum gæðum en við höfum notið. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir að niðurskurður á neyslu efnislegra gæða þýði að við færumst nær sjálfbærni, og þá getur vel verið að slíkur niðurskurður *bati* lífskjör okkar frekar en að skerða þau. Með því að hafa minna, höfum við það betra.

Þetta er athyglisverð niðurstaða. Hún er kannski ekki ný því oft er sagt að minna sé meira – og gjarnan lögð áhersla á orðin með því að hafa þau á ensku, *less is more*. Leið mín að þessari niðurstöðu er aftur á móti ekki sú sem gjarnan er farin. Oft er bent á að tiltekin andleg gæði séu meira virði en efnisleg gæði. Ég hef ekki sagt neitt um slíkan innbyrðis mun á þeim gæðum sem gefa lífinu gildi. Ég hef ekki sagt neitt um að það sé kannski betra að vinna minna og fá lægri laun en hafa meiri tíma fyrir vini og fjölskyldu. Niðurstaðan gæti einfaldlega þýtt að lífskjör mín verði betri ef ég á einn bíl frekar en tvo. Og ef ég á tvo bíla þá geti lífskjör mín batnað ef skipulag samfélagsins hvetur mig til að taka strætó frekar en að keyra bílana. Eftir sem áður get ég sem best verið upptekinn af bílunum og bundið sjálfsvirðingu mína við þá, lifað fyrir glansinn á lakkinu og áferðina á sætunum.

Ádalatriðið er að lífskjör mín skerðast ekki bara við það að ég hafi minna á milli handanna eða við það að aðrir geri eitthvað á minn hlut eða að tækifæri mín til met-

orða eða menntunar skerðist, heldur geta þau einnig skerst við það að skipulag samfélagsins (grunnstofnanir samfélagsins) stuðli að því að *ég geri eitthvað á blut annarra* (skerði möguleika komandi kynslóða til að njóta frelsis og velferðar) með því t.d. að gera mér erfitt um vik að lifa sjálfbæru lífi.

Sjálfbærni sem þáttur í mati á lífskjörum fólks er ekki bara spurning um hvort tiltekin manneskja lifir með sjálfbærum hætti – eða nálægt því – heldur hvort þeir sem tilheyra sömu hópum og hún (borgari ríkis, vinnandi foreldri, einstætt foreldri, nemandi í skóla, o.s.frv.) eigi þess raunhæfan kost að lifa með sjálfbærum hætti. Hér verður því að spyrja um þá umgjörð um tilveruna sem stofnanir samfélagsins og félagslegur veruleiki býr manneskjunni, en ekki einfaldlega um það hvort hún í raun nýtir sér þá möguleika sem hún býr við.

Manneskja sem býr við möguleika á að lifa sjálfbæru lífi nýtur betri lífskjara, að öðru jöfnu, en manneskja sem ekki býr við slíka möguleika. Og eins og í dæminu um menntun hér að framan, þá verður að meta möguleika manneskjunnar á sjálfbærum lífnáðarháttum með því skoða í hve ríkum mæli öðrum, sem tilheyra sömu hópum og hún, hefur tekist að lifa með sjálfbærum hætti.

6. Lokaorð

Ef niðurstöður mínar hér að framan fá staðist hefur það í senn afleiðingar fyrir skilning okkar á hugtakinu lífskjör (sem siðferðilegu viðfangsefni) og fyrir það hvernig lífskjör eru metin (sem aðferðafræðilegu viðfangsefni). Ríkjum upp spurningarnar þrjár sem ég setti fram:

- (1) Hvaða upplýsingar skipta máli til að meta lífskjör?
- (2) Hvert er innbyrðis mikilvægi ólíkra upplýsinga til að ákvarða heildar-lífskjör tiltekens einstaklings?
- (3) Hvernig má raða saman upplýsingum um lífskjör einstaklinga til að fá heildarmat á lífskjörum tiltekens hóps eða þjóðar?

Hvað varðar spurningu (1) þýða niðurstöður mínar að þær upplýsingar sem skipta máli eru ekki bara upplýsingar um stöðu einstaklinga í samfélaginu, efnislegar kringumstæður þeirra, mat borgaranna á eigin stöðu o.s.frv., heldur einnig almennar upplýsingar um gerð samfélagsins, grunnstofnanir þess og virkni. Hér skiptir t.d. máli hvort fólk hafi tækifæri til að mennta sig (hvort sem það nýtir þau tækifæri eða ekki) og hvort fólk á raunhæfa og sanngjarna möguleika á að lifa með sjálfbærum hætti.

Hvað spurningu (2) varðar þýða niðurstöður mínar að meta verður innbyrðis mikilvægi ólíkra gæða, m.a. gæða sem ekki eru sambærileg með neinum augljósum hætti, s.s. efnislegra gæða og siðferðilegra gæða. Vandinn hér er ekki einfaldlega sá að bera verði saman ólík og ósambærileg gæði, því þann vanda leysum við oft á dag, t.d. þegar við veljum að fara í sund frekar en að sofa út. Vandinn er hins vegar sá að lífskjaramælikvarði, sem tekur til ólíkra og ósambærilegra gæða, verður að styðjast við kenningu af einhverju tagi um innbyrðis mikilvægi slíkra gæða. Dæmi um slíka kenningu er réttlætiskenning Rawls en grundvallaratriði í henni er að frelsisréttindi

hafi óskoraðan forgang fram yfir efnahagsleg réttindi. Aðrar kenningar um réttlæti leggja til annars konar innbyrðis mikilvægi. Ég hef ekki reynt að færa rök sérstaklega fyrir kenningu Rawls heldur notað nokkrar af grundvallarhugmyndum hans til að varpa ljósi á ákveðinn vanda og til að rökstyðja þá niðurstöðu að sjálfbærni skipti máli fyrir lífskjör. Sú niðurstaða veltur ekki réttlætiskenningu Rawls (t.d. mismunarlögmálinu) en hún reiðir sig á tiltekna forsendur sem ég hef þegið frá honum.

Loks þýða niðurstöður mínar hér að spurningu (3) verður ekki svarað með einföldum hætti. Í stað þess að lífskjör heildarinnar ráðist af hlutunum, þá ráðast lífskjör hlutanna að mikilsverðu leyti af þeim kringumstæðum sem heildin býr við. Þessi niðurstaða er einhvers konar heildarhyggja um lífskjör, en hún er ekki af sama tagi og ýmsar réttlætiskenningar sem gefa jöfnuði í samfélaginu forgang fram yfir einstaklingsbundin frelsisréttindi. Sú heildarhyggja sem ég hef haldið fram og sem gerir að engu möguleikann á að svara spurningu (3) með einföldum hætti er aðferðafræðileg en ekki pólitísk.

Hvað eigum við að gera með niðurstöðu eins og þá að lífskjör mín kunni að batna við það að ég hafi minna af efnislegum gæðum ef á móti kemur að samfélagið sem ég bý í verði nær því að vera sjálfbært? Eigum við að líta svo á að niðurstaðan sé svo fráleit að hún hreki forsendurnar, eina eða fleiri, í fáránleika; t.d. að eitthvað sé bogið við hugtakið um lífskjör eins og ég hef nota það? Eða ættum við heldur að hafna þeirri forsendu að réttlæti komi lífskjörum við? Á hinn bóginn getum við sagt sem svo að þetta sé allt eins og það á að vera; að lífskjör okkar feli í sér siðferðilegt mat á þeirri velferð sem við búum við og við föllumst á að velferð okkar geti skerst með tvennum hætti, annars vegar með því að við höfum minna á milli handanna eða að félagsleg gæði okkar skerðist og hins vegar með því að við göngum á rétt annarra, t.d. komandi kynslóða.

Aftanmálsgrein

1 Þessi grein er byggð á hugmyndum sem ég ræddi fyrst í hádegismálstofu Hagfræðideildar í október 2010. Við úrvinnslu hugmyndanna naut ég gagnlegra ábendinga dr. Tinnu Laufeyjar Ásgeirsdóttur og við frágang greinarinnar hef ég notið gagnrýni tveggja ónafngreindra ritrýna þessa tímarits.

Heimildir

- Barry, Christian (2006). „Education and the standard of living“, í R. Curren (ed.), *A Companion to the Philosophy of Education*. Oxford: Blackwell.
- Gutmann, Amy (1987). *Democratic Education*. Princeton: Princeton University Press.
- Kristján Kristjánsson (2011). „Jákvæða sálfræðin gengur í skóla: Hamingja, skapgerðarstyrkleikar og lífsleikni“, *Netla*.
- Nussbaum, Martha C. (2000). *Women and Human Development*. New York: Oxford University Press.
- Nussbaum, Martha C. (2006). *Frontiers of Justice*. Cambridge Ma.: Harvard University Press.
- Rawls, John (1971). *A Theory of Justice*. Cambridge Ma.: Harvard University Press.
- Rawls, John (2001). *Justice as Fairness*. Cambridge Ma.: Harvard University Press.
- Saito, Madoka (2003). „Amartya Sen's Capability Approach to Education: A Critical Exploration“, *Journal of Philosophy of Education*, 37(1): 17–33.
- Sen, Amartya (1987). *The Standard of Living*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Sen, Amartya (1992). *Inequality Reexamined*. Cambridge Ma.: Harvard University Press.
- Sen, Amartya (1999). *Development as Freedom*. New York: Knopf.

- Sigurður Eyberg Jónsson (2010). *Vistaspor Íslands*, óútgefin meistararitgerð í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, leiðbeinandi Brynhildur Davíðsdóttir. (<http://hdl.handle.net/1946/5384> sótt 10.09.2010)
- Vemuri, A.W. og R. Costanza (2006). „The role of human, social, built, and natural capital in explaining life satisfaction at the country level: Toward a national well-being index (NWI)“, *Ecological Economics* 58: 119–133.
- Vilhjálmur Árnason (2008). *Farsalt líf, réttlátt samfélag*. Reykjavík: Heimskringla.